

L Ö G

um heimild til hækkunar framlags Íslands til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að semja um hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum úr 23 milljónum sérstakra dráttarréttinda í 29 milljónir sérstakra dráttarréttinda. Seðlabankinn skal leggja fram það fé, sem þarf vegna hækkunar kvótans, sbr. 22. gr. laga nr. 10 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands.

2. gr.

Ríkisstjórninni er enn fremur heimilt að semja um hækkun á framlagi Íslands til Alþjóðabankans úr 18.4 milljónum bandaríkjadollara í 22.2 milljónir bandaríkjadollara miðað við gullgengi dollarans þann 1. maí 1944.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 29. mars 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Einar Ágústsson.

29. mars 1977.

Nr. 8.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd viðbótarsamning við samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fullgilda fyrir Íslands hönd viðbótarsamning við samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum, sem undirritaður var í Stokkhólmi 21. júlí 1976, og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Þegar viðbótarsamningur, er um ræðir í 1. gr., hefur verið fullgiltur skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 29. mars 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Einar Ágústsson.